DEILISKIPULAG FLÓAHVERFIS, AKRANESI - BREYTING, A-HLUTI, SKILMÁLAR M.M.



Gildandi deiliskipulag, mkv. 1:2.000



Breytt deiliskipulag, mkv. 1:2.000



Breytt deiliskipulag, svæðaskipting, hæðir húsa: A 18 m, B 12 m — 1:7.500

SKÝRINGAR

- Mörk deiliskipulags
- nr. Lóðir, iðnaðarsvæði A
- nr. Lóðir, athafnasvæði B
- Lóð fyrir veitumannvirki
- Byggingarreitur
- Bindandi byggingarlína
- L: 1234 N: 0,40 Lóðastærð í m², Nýtingarhlutfall
- Jarðvegsmanir, leiðbeinandi staðsetning
- Skjólbelti
- Óbyggt, opið svæði
- Innkeyrsla á lóð, leiðbeinandi staðsetning
- Gangstígur
- Götur
- Trjágróður, til skýringar
- Farvegur fyrir ofanvatn, settjörn, leiðbeinandi staðsetning/dæmi
- Reiðstígur
- Kvöð um lagnir í jörð innan lóðar
- Lagnir í jörð: R Rafstrengur, V Stofnlögn vatnsveitu, H Stofnlögn Hitaveitu, F Stofnlögn fráveitu



Helstu breytingar á skipulagsuppdrætti — 1:7.500

SKIPULAGSSVÆÐI

Deiliskipulag Flóahverfis á Akranesi var samþykkt 23. október 2007. Það nær til nýs iðnaðar- og athafnasvæðis í Garðaflóa norðan og austan þjóðvegar, Akrafjallsvegar nr. 51. Deiliskipulagið var unnið af Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur arkitekt faí., Plan 21 ehf.

14. maí 2019 voru eftirtaldar breytingar gerðar á svæðum B og C. Svæði A, iðnaðarsvæði, var óbreytt og meginlínur gildandi deiliskipulags óbreyttar að öðru leyti:

- Hverfið er stækkað í suðaustur um 34.900 m². Heildarflatarmál hverfisins 37,8 í hektarar stað 34,3 ha.
- Lóðum fjölgað. Lóðir verða beggja vegna við allar húsagötur.
- Nákvæm lega jarðstrengs færð inn.
- Stígar umhverfis svæðið og gróðurbelti sýnd til leiðsagnar.
- Nýtingarhlutfall lóða sýnt á skipulagsuppdrætti.
- Gert verður ráð fyrir minni lóðum en í upphaflegu deiliskipulagi en þess í stað sett ákvæði um mögulega sameiningu lóða ef þörf verður fyrir stórar athafnalóðir.

Síðari breytingar:

- Breyting samþ. 28. jan. 2020: Breyting á skilmálum um sameiningu og skiptingu lóða.
- Breyting samþ. 24. mars 2020: Lóð Lækjarflóa 10 skipt í tvennt.
- Breyting samþ. 13. okt. 2020: Byggingarreitur stækkaður á lóð Lækjarflóa 10A
- Breyting samþ. 14. júlí 2021: Ný lóð fyrir dælustöð fráveitu og kvöð um fráveitulagnir. Breyttur gangstígur.

TILGANGUR OG MARKMIÐ BREYTINGAR Á DEILISKIPULAGI

- Tilefni endurskoðunar á deiliskipulagi A-hluta Flóahverfis er að bæta landnýtingu svæðisins með möguleikum á stórum og vel löguðum iðnaðar- og athafnalóðum.
- Tilgangur með endurskoðun skipulagsskilmála hverfisins alls er að stuðla að þróun grænna iðngarða.
- Áhersla verður á heilsteypt yfirbragð, gæði hönnunar, umhverfismál og góðan frágang lóða og almannarýma.
- Sérstök stefna og samþykkt um þróun og rekstur grænna iðngarða er ekki hluti deiliskipulagsins.

SKÝRING:

Grænn iðngarður er klasi fyrirtækja sem leitast við að ná fram umhverfislegum, efnahagslegum og félagslegum ávinningi með samstarfi um stjórn umhverfis- og auðlindamála.

Markmið með rekstri s.k. grænna iðngarða er að auka hagkvæmni, samþættingu og samnýtingu í starfsemi fyrirtækja á ákveðnu svæði og stuðla þannig að sjálfbærri þróun. Sóst er eftir ávinningi bæði í efnahagslegu og umhverfislegu tilliti. Samþætting og samvinna getur t.d. snúist um mannauð, aðföng, flutninga, samgöngukerfi, veitur, orkunotkun, nýtingu og endurnýtingu úrgangs og afurða auk annarra þjónustukerfa og aðstöðu. Samvinna fyrirtækja iðngarðsins stuðlar að hringrásarhagkerfi þar sem sóun og mengun er lágmörkuð.

MEGINATRIÐI BREYTINGA

Breytingar á deiliskipulaginu eru tvíþættar.

- Annars vegar er skipulagi, þ.e. gatnakerfi og lóðamörkum í A-hluta breytt þannig að lóðir og byggingarreitir nýtist sem best. Í stað fleyglaga lóða og hringleiðar í miðju svæðisins kemur reglulegri lóðaskipan. Umfang gatnakerfis minnkar. Aðalskipulagi Akraness 2005-2027 verður breytt til samræmis við breytt mörk svæðis A.
- Hins vegar eru skilmálar deiliskipulagsins endurskoðaðir með það að markmiði að mæta þörfum og væntingum fyrirhugaðra iðngarða og fyrirtækjaklasa fyrir gott umhverfi, sem styður við markmið um samþættingu og sjálfbærni.

Nokkrar breytingar eru gerðar á B-hluta sbr. breytingalista og betur er gerð grein fyrir áformuðum frágangi opna svæðisins umhverfis Flóahverfi, sem skilgreint er sem skjólbelti í aðalskipulagi. Þar verður gert ráð fyrir jarðvegsmönum sem bæði munu milda ásýnd hverfisins utan frá og skýla því fyrir vindi. Trjágróður og manir verða markvisst notaðar til rýmismyndunar og umhverfismótunar.

Einnig verður stefnt að fráveitulausnum fyrir regnvatn sem að hluta verða s.k. blágrænar ofanvatnslausnir, þ.e. tvöfalt kerfi þar sem yfirborðsvatn er leitt um farvegi og settjarnir að Flæðilæk og til sjávar í Blautósi.

Megináhersla verður lögð á góða heildarmynd Flóahverfis. Það er ekki gert með sérstökum form- eða útlitsskilmálum heldur með almennum gæðakröfum sem munu liggja til grundvallar mati á byggingar-leyfisumsóknum. Fjölbreyttar húsagerðir og -stærðir geta því uppfyllt mismunandi óskir og þarfir ólíkra fyrirtækja.

Ofanvatnslausnir

Garðaflói er framræst votlendi, sem nýtt var sem landbúnaðarland en er nú í órækt (beitarhólf). Á svæðinu eru framræsluskurðir sem beina vatni annars vegar til suðurs í Miðvogslæk en af meginhluta svæðisins til norðvesturs í Merkjalæk, sem rennur til sjávar í Blautósi. Farvegir fyrir ofanvatn koma í stað núverandi framræsluskurða og verða beggja vegna við A-hluta Flóahverfis. Grunnar rásir verða meðfram götum þar sem ofanvatn getur hripað niður en einnig runnið að meginfarvegum í leysingum og mikilli úrkomu. Þar skal frágangur og val á jarðvegi taka mið af hlutverki rásanna m.a. með síun yfirborðsvatns þannig að óæskileg efni fari ekki í jarðvatn. Fráveitukerfi regnvatns af götum er ekki fullhannað en möguleiki er á að koma fyrir hreinsitjörnum á á opnum svæðum meðfram vatnsfarvegum. Gera skal ráð fyrir því að regnvatn af þökum fari einnig út í farvegi. Útfærslu þess skal ákveða í samráði við byggingarfulltrúa og ráðgjafa Akranesbæjar um blágrænar lausnir.

Endanleg útfærsla ofanvatnslausna og hæðarsetningar svæðisins liggur ekki fyrir. Stefnt er að hagnýtingu blágrænna ofanvatnslausna en mögulegt verður að nýta hefðbundna eða blandaða útfærslu fráveitukerfis. Staðsetning farvega og settjarna er sýnd sem dæmi en útfærsla fráveitukerfisins verður hönnuð sérstaklega og er ekki háð deiliskipulagsákvæðum að öðru leyti.

SKIPULAGSÁKVÆÐI

	Gildandi ákvæði	Breytt/ný ákvæði
Starfsemi (nýr liður)		**Svæði A, iðnaðarsvæði:** Matvælaiðnaður. Svæðið er ráðgert fyrir fyrirtæki sem starfa við hvers konar matvælaræktun, matvæla-framleiðslu, ylrækt, lyfjaframleiðslu, bæti-efnaframleiðslu, líftækni og aðra starfsemi sem byggist á nýtingu náttúruauðlinda. **Svæði B, athafnasvæði:** Almennur iðnaður og önnur atvinnustarfsemi. Svæðið er ætlað undir léttan iðnað og þjónustu. Áhersla skal lögð á verðmætasköpun og fullvinnslu afurða í stað hrávöruframleiðslu. **Almenn ákvæði:** Mannvirkjum, búnaði og rekstri skal haga þannig að starfsemi hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfi sitt s.s. með hávaða, lykt eða ryki. Mótvægisaðgerðir skulu ákveðnar í samráði við heilbrigðis-eftirlit.
Lóðir	Á deiliskipulagssvæðinu eru 58 lóðir, 410 – 17.824 m², auk fimm lóða fyrir dreifistöðvar rafveitu. Leiðbeinandi staðsetning innkeyrslu er sýnd á uppdrætti.	**A-hluti:** 9 iðnaðarlóðir, samtals 153.118 m², tvær lóðir fyrir spennistöðvar og ein lóð fyrir dælustöð fráveitu. **B-hluti:** 59 athafnalóðir, samtals 161.351 m², þrjár lóðir fyrir dreifistöðvar rafveitu og ein lóð fyrir dælustöð fráveitu. Leiðbeinandi staðsetning innkeyrslu er sýnd á uppdrætti.
Byggingarreitir	Byggingarreitur er skilgreindur á hverri lóð með brotinni línu og heildreginni línu ef um bindandi byggingarlínu er að ræða. Allar byggingar og byggingarhlutar skulu vera innan byggingarreits, þar með talið skjólveggir, skýli fyrir sorp og varning. Byggingar skulu liggja að bindandi byggingarlínu á a.m.k. 10 m kafla. Byggingarreitir fyrir dreifistöðvar OR ná út í lóðamörk og þar má byggja dreifistöð að hámarki 4,5 m.	
Stígar	Um svæðið liggur stofnstígur skv. aðalskipulagi Akraness. Jafnframt eru stígar meðfram götum þar sem þess þykir þörf. Auk þess er stígur í gegn um grænt belti sem umlykur iðnaðarsvæðið. Lega þess stígs er leiðbeinandi og verður nánar útfærð í tengslum við útfærslu á gróðurbeltinu. Gróðurbeltið verður sérstaklega útfært.	
Kvaðir	Þar sem dreifistöðvar OR eru við lóðamörk eru kvaðir um aðkoma að þeim á viðkomandi lóðum.	Þar sem dreifistöðvar OR eru við lóðamörk eru kvaðir um aðkomu að þeim á viðkomandi lóðum. Kvöð um stofnlögn vatnsveitu og aðgang að henni til viðhalds og eftirlits er á lóðum: • Lækjarflói 16, 19, 26 og 28. • Garðaflói 10, 11 og 12.
Nýtingarhlutfall	Nýtingarhlutfall á svæði B er tilgreint á skipulagsuppdrætti (0,35 og 0,40).	Á skipulagsuppdrætti er tilgreind lóðarstærð og nýtingarhlutfall hverrar lóðar.
Hæðir húsa	Með tilliti til hæða húsa skiptist hverfið í svæði A og B, sjá deiliskipulagsuppdrátt. Ekki er gert ráð fyrir kjöllurum, en verði þeir byggðir er fráveita alfarið á ábyrgð lóðareigenda. Hámarksvegghæð bygginga má vera á svæði A 18 m **og 12 m á svæði B**. Ef um er að ræða turna er leyfilegt að þeir nái upp fyrir hámarkshæð enda skal sótt um hvert tilvik sérstaklega. Þakform bygginga og efnisval er frjálst.	Svæði A: 18 m hámarkshæð. Svæði B: 12 m hámarkshæð. Einstakir byggingarhlutar, t.d. turnar, mega ná upp fyrir hámarkshæð og skal sótt um hvert frávik sérstaklega. Ekki er gert ráð fyrir kjöllurum á svæðinu. Verði kjallari gerður ber lóðarhafi kostnað af tengingu hans við fráveitu.
Útlit húsa og yfirbragð	Rík áhersla er lögð á gæði hönnunar, efnisval og frágang húsa á svæðinu.	Lögð er áhersla á vandað bæjarumhverfi í Flóahverfi. Stefnt er að því að byggingar í hverfinu verði góð byggingarlist hvað snertir innri gerð, form og útlit þar sem saman fara sjónarmið um hagkvæmni, notagildi og gæði. Rík áhersla verður lögð á gæði hönnunar (m.a. form og útlit), vandað efnisval og góðan frágang húsa á svæðinu. Forðast skal einhæfni í formi og efnisvali. Þakform bygginga og efnisval er frjálst. Samræmi skal vera í ytri efnisáferð og yfirbragði mannvirkja á sömu lóð eftir því sem við á miðað við hlutverk bygginga. Þar sem hús eru samtengd skal samræma þakform, lita- og efnisval. Aðkoma að fyrirtækjum skal vera augljós og snyrtileg. Byggingar á hverri lóð skulu mynda samhengi. Hús skulu felld vel að landi og taka mið af umhverfi og staðháttum. Á aðaluppdráttum skal gera grein fyrir öllum fyrirhuguðum mannvirkjum á viðkomandi lóð. Þar skal einnig rita efnis- og áferðarlýsingu þar sem viðkomandi mannvirkjum er lýst s.s. burðarvirkjum, ytri frágangi og efnis- og litavali. Að öðru leyti er vísað í ákvæði byggingar-reglugerðar nr. 112/2012. Gæði hönnunar skulu metin við afgreiðslu byggingarleyfa og er heimilt að hafna tillögum, sem ekki uppfylla almennar gæðakröfur að þessu leyti. Komi upp ágreiningur getur byggingarfulltrúi og skipulags- og umhverfisráð leitað umsagnar og mats hjá öðrum fagmönnum. Kynna skal uppbyggingaráform í tveimur áföngum: 1. Fyrirspurnarteikningar í mkv. 1:100 eða 1:200 ásamt þrívíddarmyndum skal leggja inn til byggingarfulltrúa þar sem öll meginatriði bygginga koma fram s.s. meginform og efnis- og litaval. 2. Aðaluppdrættir skv. ákvæðum byggingarreglugerðar. Lóðahönnun skal fylgja aðaluppdráttum.
Frágangur og nýting lóða	Heimilt er að girða lóðir með girðingu allt að tveimur metrum á hæð. Lóðarhafar skulu hafa samstarf um sameiginlegan frágang á lóðamörkum. Rísi ágreiningur um frágang á sameiginlegum lóðarmörkum skal hlíta úrskurði skipulags- og byggingarnefndar Akranesbæjar þar um. Skjólveggi og girðingar skal sýna á aðaluppdráttum. Nýting lóða án bygginga er háð samþykki skipulags- og umhverfisráðs.	Gerð er krafa um að lóðir verði girtar af með viðunandi hætti í samræmi við starfsemi á lóð. Girðingar mega vera allt að tveimur metrum á hæð. Lóðarhafar skulu hafa samstarf um sameiginlegan frágang á lóðamörkum. Heimilt er að afmarka lóð með gróðurbelti í stað girðingar að opnu landi. Rísi ágreiningur um frágang á lóðamörkum skal hlíta úrskurði skipulags- og umhverfisráðs Akraneskaupstaðar þar um. Akbrautir og athafnasvæði innan lóða skulu vera með bundnu slitlagi til þess að koma í veg fyrir rykmengun. Umgengi og geymsla á tækjum skal vera þannig að ekki verði hætta á efnamengun eða sjónmengun. Æskilegt er að vinnuvélar og annar búnaður sé geymdur innanhúss eða í gerði. Á byggingartíma skal gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir fok af lóðum. Yfirbragð og frágangur lóða skal vera snyrtilegur. Mælst er til að lóðarhafar nýti trjá- og runnagróður til fegrunar og skjólmyndunar á lóðum sínum. Gegndræpt yfirborð skal vera samtals a.m.k. 20% af flatarmáli lóða. Á aðaluppdráttum skal gera grein fyrir lóðarhönnun, girðingum, skjólveggjum og gróðri, núverandi og fyrirhugaðri landhæð lóðar og helstu hæðarkótum. Lóðarhæðir á lóðamörkum skulu sýndar á sniðum og útlitsmyndum eftir því sem við á. Að öðru leyti vísast til kafla 4.3 í byggingarreglugerð.
Bílastæði	Fjöldi bílastæða á hverri lóð skal vera í samhengi við starfsemi og starfsmannafjölda á viðkomandi lóð. Gera skal grein fyrir bílastæðum og reiðhjólastæðum á aðalteikningum.	
Breytingar á lóðamörkum, sameining eða skipting	Heimilt er að sameina samliggjandi lóðir ef þörf er á. Þá verða byggingarreitir sameinaðir til samræmis. Heimilt er að skipta lóðum og breytast þá byggingarreitir til samræmis með óbreyttum fjarlægðum frá lóðamörkum. Skipulags- og umhverfisráð ákvarðar breytt nýtingarhlutfall skiptra lóða. Sameining og skipting lóða telst óveruleg breyting á deiliskipulagi skv. 2. og 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.	
Sorp	Geymslusvæði fyrir varning, gáma, sorpgáma o.þ.h. skulu vera innan byggingarreits og afgirt þannig að þau verði ekki sýnileg frá almennum umferðargötum og valdi almennt sem minnstri sjónmengun. Allt rusl og efnisafganga skal setja í söfnunargáma og tæma þá eftir þörfum.	Geymslusvæði fyrir varning, gáma, sorpgáma o.þ.h. skulu vera innan byggingarreits og afgirt þannig að þau verði ekki sýnileg frá almennum umferðargötum og valdi almennt sem minnstri sjónmengun. Allt rusl og efnisafganga skal setja í söfnunargáma og tæma þá eftir þörfum. Meðhöndlun sorps og úrgangs skal taka mið af markmiðum um hringrásarhagkerfi. Allir kostir á endurvinnslu og endur-nýtingu innan og utan svæðisins skulu teknir til álita þannig að sorp til förgunar verði í lágmarki.
Skilti	Gert er ráð fyrir sameiginlegum upplýsingaskiltum fyrir fyrirtækin á svæðinu við aðkomuleiðir að hverfinu. Auglýsingaskilti og merkingar skulu sýnd á aðaluppdrætti og er háð samþykki byggingarnefndar.	Gert verður ráð fyrir sameignlegum upplýsingarskiltum við aðkomuleiðir að hverfinu. Gera skal grein fyrir auglýsingaskiltum og merkingum innan lóða á aðaluppdráttum og eru þau háð samþykki byggingarfulltrúa Akraneskaupstaðar. Ekki er heimilt að auglýsa vöru eða starfsemi sem engin tengsl hefur við starfsemi á viðkomandi lóð.
Frágangur gatna		Gatnarými eru 17 m breið. Gangstétt er annars vegar og 2m graseyja milli hennar og akbrautar. Þar er gert ráð fyrir götutrjám, þ.e. trjáröðum, sem móta göturýmið. Útfærsla göturýmis verður unnin nánar í samræmi við starfsemi og skipulag aðliggjandi lóða. Fylgja skal viðeigandi leiðbeiningum við val götutrjáa, aðbúnað þeirra, frágang og viðhald.
Meðhöndlun ofanvatns		Mengunarvarnir skulu vera í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem og reglugerð 724/2008 um hávaða sem og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Ofanvatn frá lóð rennur í regnvatnslagnir Veitna og/eða í opna vatnsrás eða farveg utan lóðar eftir viðunandi hreinsun innan lóðar. Gera skal grein fyrir ofanvatnslausnum og hreinsun afrennslis af lóðum í byggingar-leyfisumsókn og á aðaluppdráttum vegna byggingarleyfis. Mikilvægt er að komi fram staðsetning, söfnun yfirborðsvatns, stærðarákvörðun og virkni hreinsivirkis/búnaðar og sú hönnun taki mið af þeim markmiðum sem sett eru fram í reglugerð og í starfleyfiskröfum.

SKILMÁLAR UTAN DEILISKIPULAGSINS

Akraneskaupstaður setur sérsaka skilmála um úthlutun lóða, tengingar við veitukerfi, ástand lóða við veitingu, jarðrask og uppgröft, merkingu lóða, gerð bílastæða, greiðslur vegna nýtingar almennra bílastæða utan lóða svo og tímamörk fyrir framlagningu teikninga, framvindu byggingarframkvæmda og frágang lóða. Slíkir skilmálar eru ekki hluti deiliskipulagsins þannig að breytingar á þeim krefjast ekki breytinga á deiliskipulagi.

Vinnu- og sérteikningar

Sérteikningum skal skila með undirskrift hönnunarstjóra til byggingarfulltrúa til áritunar sbr. grein 4.1.2. í byggingarreglugerð.

Mæliblöð

Mæliblöð sýna lagnir, stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, bindandi byggingarlínur og kvaðir ef einhverjar eru.

Á mæliblöðum eru einnig tilgreindar landhæðir við lóðamörk, leiðsögukótar, þ.e. leiðbeinandi hæðarkótar gólfs jarðhæðar eða 1. hæðar og lega vatns- og frárennslislagna og inntök fyrir rafmagn og heitt vatn. Í vissum tilvikum geta hæðarkótar verið bindandi vegna frárennslislagna. Hámarkshæð byggingar miðast við leiðsögukóta.

ÁHRIFAMAT

Menningarminjar

Engir skráðir minjastaðir eru innan skipulagssvæðisins. Sérstök fornleifakönnun liggur ekki fyrir önnur en *Fornleifaúttekt vegna lagningu[-ar] jarðstrengs milli Akraness og Brennimels* (Gylfi Helgason, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2020) en strengurinn er skammt austan hverfisins. Engar minjar eru skráðar á þessum slóðum enda litlar landnytjar taldar hafa verið í flóanum aðrar en mótekja.

Tvö örnefni eru færð inn á skipulagsuppdrátt, Innri hrossaskjól, klapparholt austan þjóðvegar og Vondakelda við norðurjaðar skipulagssvæðisins. Klapparholtið er utan framkvæmdasvæða en líklegt er að settjörn og/eða framræslufarvegur verði í Vondukeldu, sem rímar vel við örnefnið.

Áhrif breytinga

Með stefnu um að beita blágrænum ofanvatnslausnum eftir því sem hægt er í Flóahverfi verður dregið úr neikvæðum áhrifum nýrrar byggðar á umhverfið. Jafnframt er líklegt að lagnakerfi hverfisins, þ.e. hefðbundnar fráveitulagnir og vatnsrásir og farvegir á yfirborði taki betur við úrhelli og veðurfarsaðstæðum sem valdið geta flóðum en hefðbundið lagnakerfi.

Líklegt er að meðhöndlun regnvatns að hluta með blágrænum ofanvatnslögnum hafi jákvæð áhrif á lífríki svæðisins, bæði gróðurfar og dýralíf.

Breytt mörk A-hluta hverfisins hafa engin áhrif á aðliggjandi svæði, sem er óbyggt landbúnaðarland í órækt, framræstur flói. Neikvæð áhrif breytingarinnar á umhverfið eru engin umfram það sem orðið hefði með óbreyttu deiliskipulagi. Áfram er tekið mið af vegstæði Grunnafjarðarleiðar þannig að ekki verði komið í veg fyrir lagningu hennar en hún er hvorki í gildandi skipulagsáætlunum né framkvæmdaáætlunum.



Mynd 1. Götuþversnið í A og B-hluta. Hámarkshæð húsa í A-hluta.



Mynd 2. Gangstígur í miðju B-hluta. Hámarkshæð húsa í B-hluta.



Aðalskipulag Akraness 2005-2017 með breytingu til samræmis við breytt deiliskipulag
Mkv. 1:10.000

	Breytingar	Samþykkt
1	Deiliskipulag Flóahverfis, upphaflegt deiliskipulag	23.10.2007
2	Breyting, stækkun hverfis, fjölgun lóða, gatnakerfi breytt	14.5.2019
3	Breyting á skilmálum um sameiningu og skiptingu lóða	28.1.2020
4	Lækjarflói 10, skipting lóðar	24.3.2020
5	Lækjarflói 10, stækkun á byggingarreit	13.10.2020
6	Dælustöð við Lækjarflóa 2a	14.7.2021
7	Breyting A-hluti, skilmálar m.m.	ósamþykkt

TILLAGA

Samþykkt

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í bæjarstjórn Akraness ____________ 2021

____
bæjarstjóri Akraness

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann ________________.

Deiliskipulag Flóahverfis
Breyting, A-hluti, skilmálar m.m.

SKIPULAGS- OG UMHVERFISSVIÐ

Blaðstærð A0

13.12.2021
TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí